

Fundargerð 993. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, miðvikudaginn 18. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hjördís Ýr Johnson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að umsögn um breytingar á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2509050SA

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins, dags. 17. febrúar 2026, um frumvarp til laga um breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum, mál nr. S-3/2026 og S-31/2026. Kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum, þar sem stjórnvöld stefna að því að færa eftirlitið frá sveitarfélögum til ríkisins. Farið var yfir forsögu málsins, afstöðu sveitarfélaga og hagsmunaaðila, efni frumvarpa og hvaða verkefni verða þá áfram á ábyrgð sveitarfélaga. Einnig var fjallað um áhrif breytinganna á fjárhag, störf og þjónustu hjá sveitarfélögunum og skort á valdheimildum þeim samhliða.

Stjórn Sambandsins samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn Sambandsins. Formanni jafnframt falið að fylgja málinu eftir á fundi með ráðherra.

2. Drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir - stytting bótatímabils - 2602001SA

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2026, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál.

Stjórn Sambandsins samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál.

3. Landsþing 2026 - umræðuskjal - 2509272SA

Lögð fram verkefnatillaga frá KPMG um þróun sveitarstjórnarstigs á Íslandi til ársins 2050 - hlutverk og ábyrgð. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefninu sem er hugsað sem umræðuskjal fyrir Landsþing Sambandsins sem haldið verður á Akureyri í lok september 2026.

Stjórn Sambandsins samþykkir að láta útbúa umræðuskjal fyrir Landsþing Sambandsins og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og útfæra verkefnið.

Í lok fundar var samþykkt að færa næsta reglulega stjórnarfund til. Næsti fundur verður því á Teams þriðjudaginn 3. mars 2026 kl. 08:00.

Fundi var slitið kl. 09:15